

fordæmi, og loks eigi, gegn mótmælum varastefnds, er sönnun fyrir því, að hann í oftgreindu samtali hafi gefið honum von um, eða vissu um það, hvorki sem formaður hlutaðeigandi skólanefndar né persónulega að hann í tíma tilkynnti stefnanda ef breytt yrði um kennara, né heldur þær líkur framkomnar um þetta í málinu að um aðildareið geti verið að ræða af hálfu stefnanda þessu til sönnunar, ber að sýkna hina stefndu skólanefnd svo og varastefndan, bæði sem þáverandi formann skólanefndar og einnig persónulega af kærnum og kröfum stefnanda í máli þessu. — Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Mánudaginn 30. sept. 1935.

Nr. 49/1935. Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)

gegn

Sveini Sigmar Björnssyni og

Ágúst Ólafi Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Bruggun áfengis.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 25. febr. 1935:
Kærður Sveinn Sigmar Björnsson sæti 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 800 króna sekt til rikissjóðs og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Ágúst Ólafur Ólafsson greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi með ilátum og framangreind bruggunartæki, skal upptækt og eign rikissjóðs.

Kærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Eins og fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði Sveinn Sigmar Björnsson gerzt sekur um bruggun og sölu áfengis, og verður einnig að teljast upplýst, að kærði hafi bruggað áfengið í söluskyni sökum þess hversu mikið áfengismagnið var. Hefir kærði því gerzt sekur um brot á ákvæðum 6. og 11. gr. áfengislaga nr. 64/1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með skirskotun til 30. og 33. gr. núgildandi áfengislaga nr. 33/1935, sem leiða til mildari niðurstöðu, 1000 kr. sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með 40 daga einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Í hinum áfrýjaða dómi er einnig réttilega tekið fram að kærði Ágúst Ólafur Ólafsson hafi á þann hátt, er í dómnum greinir, gerzt sekur um brot á ákvæðum 12. gr. áfengislaga nr. 64/1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin, með skirskotun til 36. gr. núgildandi áfengislaga nr. 33/1935, 60 kr. sekt til Menningarsjóðs og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 6 daga einfalt fangelsi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og upptöku áfengis og bruggunartækja staðfestist.

Kærðu greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Sveinn Sigmar Björnsson greiði 1000 króna sekt til Menningarsjóðs innan 4 vikna frá

lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 40 daga.

Kærði, Ágúst Ólafur Ólafsson, greiði 60 króna sekt til Menningarsjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, ella sæti hann í hennar stað einföldu fangelsi í 6 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og upptöku áfengis og bruggunartækja staðfestist.

Kærðu greiði, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Eggert Claessen, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn þeim Sveini Sigmar Björnssyni, sjómanni, til heimilis Brekastíg 24, hér í bænum og gegn Ágúst Ólafi Ólafssyni vélstjóra til heimilis sama stað, fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 64, 19. maí 1930, sbr. l. nr. 33, 9. janúar 1935.

Málavextir eru sem hér segir:

Laugardaginn 26. f. m., gerði lögreglan, svo og settur bæjarfógeti, að undangengnum úrskurði, leit að ólöglegu áfengi og bruggunaráhöldum á heimili kærðs, Sveins Sigmars Björnssonar, og við leit þessa fundust í kjallara undir húsi því, er kærður býr í (Brekastíg 24), bruggunartæki, þ. e. eimingarbrúsi, bogið rör (spiralrör) og kælidunkur og voru tæki þessi þá í notkun við áfengiseimingu, þannig að logaði á gassuðuvél er eimingarbrúsinn stóð á, en í hon-

um var gerjað brugg og lá hið bogna rör úr stút brúsans (gegnum tappa í stútnum) og gegnum kælidunkinn, sem var fullur af vatni, en undir enda rörsins, sem stóð út úr kælidunknum, stóð kaffikanna, sem orðin var rúmlega hálf af eimdu áfengi er leitinn hófst. Ennfremur fannst þá í kjallara þessum tunna full af gerjuðu bruggi, 1 glerbrúsi ca 50 lítra, rúmlega hálfur af sama og einn glerbrúsi ca 15 lítra, með slatta í af gerjuðu bruggi og í íbúðarherbergi kærðs Sveins Sigmars Björnssonar fundust undir dívan 3 heilflöskur einnig með gerjuðu bruggi í. Kærður, Sveinn Sigmar Björnsson, hefir játað að eiga umrætt brugg og bruggunartæki og að hafa bruggað umrætt áfengi sjálfur og hefir hann játað að hafa byrjað að fást við bruggun áfengis í byrjun s. l. desembermánaðar á sama stað, en kveðst þó ekki hafa byrjað neitt að fást við eimingu áfengis fyrr en milli jóla og nýjárs s. l. og hefir játað að hafa tvisvar sinnum eimt áfengi úr bruggi, sem hann hafði látið gerjast, áður en hann byrjaði á eimingu þeirri, er hann var byrjaður á, er framangreind húsrannsókn fór fram hjá honum, en heldur fram að hann hafi þó ekki eimt nema 10 heilflöskur af sterku áfengi alls, og hefir hann játað að hafa selt um 6 heilflöskur af því fyrir 8 krónur flöskuna en kveðst að öðru leyti hafa drukkið áfengi þetta sjálfur og gefið öðrum af því með sér. Þá hefir hann og játað að hafa selt 12—14 lítra af óeimdu gerjuðu bruggi, sem hann bruggaði í brúsa eða mest af því, fyrir 2 krónur hverja heilflösku.

Sýnishorn af hinu eimda áfengi er fannst við húsleitina hjá kærðum og einnig sýnishorn af hinu gerjaða bruggi voru send Efnarannsóknastofu ríkisins til rannsóknar og reyndist innihald þeirra af alkoholi 38,7% (hið eimda áfengi) og 11% (gerjaða bruggið) hvorutveggja miðað við rúmmál, samkvæmt skriflegri skýrslu Efnarannsóknarstofunnar, sem lögð hefir verið fram í málinu.

Eftir því, sem upplýst er í málinu, á kærður Ágúst Ólafur Ólafsson, framangreint hús, sem kærður Sveinn Sigmar Björnsson bruggaði í og leigði hann kærðum Sveini Sigmari, sem er einhleypur maður, 1 herbergi til íbúðar í kjallara hússins. Kærður Sveinn Sigmar hefir borið það í málinu, að hann hafi aldrei beðið kærðan Ágúst Ólaf um leyfi til þess að brugga þar, en hann hefir og borið, að

kærður Ágúst Ólafur hafi orðið var við er kærður, Sveinn Sigmar, byrjaði að eima áfengið (þ. e. milli jóla og nýjárs s. l.) og að kærður Ágúst Ólafur hafi þá látið í ljósi við sig, að honum væri mjög illa við bruggstarfsemi hans (Sv. S. B.) og hafi síðar við og við ráðlagt honum að hætta henni og amast við henni, en hafi þó látið þar við sitja og hélt kærður, Sveinn Sigmar Björnsson, því áfram að brugga.

Kærður Ágúst Ólafur Ólafsson hefir játað að hafa vitað um framangreinda bruggunarstarfsemi kærðs Sveins Sigmars og að hann hafi orðið var við hana, rétt eftir að hann byrjaði að brugga og kveður sig minna að það hafi verið snemma í s. l. desembermánuði og kveðst þá strax hafa ávitað hann fyrir þetta framferði hans og skipað honum að hætta því og minnst eitthvað á það við hann síðar, en það hafi engan árangur borið og hafi Sveinn Sigmar haldið áfram að brugga (án þess kærður, Á. Ó. Ó., gerði nokkuð frekar til þess að hindra það), en hann kveðst ekki hafa viljað kæra Svein Sigmar Björnsson fyrir bruggunina, vegna þess að hann er mágur kærðs Ágústs Ólafs Ólafssonar.

Kærður, Sveinn Sigmar Björnsson, hefir eigi áður sætt refsingu fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, en hefir fjórum sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir þjófnað, síðast með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 22. september 1932, í 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Með framangreindu framferði sínu hefir hann (Sv. S. B.), að áliti réttarins, brotið gegn 6. gr. og 11. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, sbr. 6. og 15. gr. l. nr. 33, 9. jan. 1935 og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, samkvæmt 30. gr. og 32. gr. laga nr. 64, 1930, sbr. 30. og 33. gr. l. nr. 33, 9. jan. 1935, hæfilega ákveðin 800 króna sekt til rikissjóðs og komi 40 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sæti hann 14 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi.

Kærður, Ágúst Ólafur Ólafsson, hefir eigi áður sætt refsingu fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, né fyrir nokkurt annað lagabrot. Með því að láta viðgangast, að kærður, Sveinn Sigmar Björnsson, bruggaði í húsi hans, án þess að gera frekara til að hindra það, en það sem kærðir halda

fram, að hann hafi talað um þetta við hann (Sv. S. B.), hefir hann (Á. Ó. Ó.), að álitu réttarins gerzt brotlegur gegn 12. gr. fyrrnefndra laga, nr. 64, 1930, sbr. 16. gr. 1. nr. 33, 1935, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin samkvæmt 33. gr. laga, 64, 1930, sbr. 36. gr. 1. nr. 33, 1935, 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi með ilátum og bruggunartæki skal upptækt og eign ríkissjóðs. Kærðir greiði allan kostnað málsins in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. sept. 1935.

Nr. 42/1935. **Valdimar Jónsson**
 gegn
Benjamín Sigvaldasyni.

Dómur hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 30. sept. 1935.

Nr. 61/1935. **Hreppsnefnd Gerðahrepps**
 gegn
Þórhalli Einarssyni.

Dómur hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Gerðahrepps, er eigi